Janúar 2025

# Stefnumótun málefnasviða og málaflokka í fjármálaáætlun

Marta Birna Baldursdóttir og Hrefna Rós Matthíasdóttir

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Dagskrá

1. Samhengi – stóra myndin
2. Einstaka stefnuþættir
    - Framtíðarsýn og meginmarkmið, áskoranir og tækifæri
    - **Markmið**

        Verkefni 1
    - **Mælikvarðar** og aðgerðir

        Verkefni 2

# SAMHENGI

Hvers vegna erum við að þessu?

# Árangursmiðuð áætlanagerð




Samþætting stefnu og fjárveitinga þannig að **ráðstöfun fjármuna styðji við stefnu stjórnvalda.**

Meira **gagnsæi** í opinberum fjármálum með því að gera sýnilegt **hvað við erum að fá fyrir peninginn.**

**Hvaða árangri er aukið fjármagn að skila** og ekki síst hvaða árangri er hægt að ná með **ráðstöfun þess fjármagns sem þegar er í kerfinu.**

# Lög um opinber fjármál

**Fjallað er um fjármálaáætlun í 5. gr. LOF** en þar sem segir að kynna skuli stefnumótun fyrir einstök málefnasvið og **hvernig hún samræmist markmiðum um þróun tekna og gjalda.**

**Nánar er fjallað um stefnumótun málefnasviða í 20. gr.** þar sem segir að ráðherra setji fram stefnu til til eigi skemmri tíma en fimm ára. Í stefnunni skal lýsa áherslum og markmiðum, þ.m.t. gæða- og þjónustumarkmiðum, um fyrirkomulag, þróun og umbætur á þeirri starfsemi sem fellur undir viðkomandi málefnasvið. Stefnan skal vera heildstæð og í **samræmi við þau fjárhæðamörk sem fram koma í gildandi fjármálaáætlun.**

# Úr greinargerð með frumvarpi til LOF

## Um 20. gr.

- Gert ráð fyrir að framsetning stefna málefnasviða sé **samræmd** og umfjöllun um efnisþætti þeirra eðlislík. Leggja skal áherslu á **skýrleika, einfaldleika og gegnsæi.**
- Stefnumótun ætlað að tryggja að ljóst sé að hvaða markmiðum og áherslum stefnt er á hverju málefnasviði og að fyrir liggi **skýr forgangsröðun.**
- Sérstaka áherslu skal leggja á að **skilgreina gæði þjónustu** sem veita á miðað við þá fjármuni sem ætlaðir eru til ráðstöfunar.
- Í stefnumótun felst ákvörðun um **hvaða leið** skuli fylgt til að ná fram settum markmiðum. Hér þarf að **huga að kostnaði, áhrifum og ávinningi** hverrar leiðar fyrir sig og bera saman ólíkar forsendur þeirra.

# Ólíkar leiðir stjórnvalda til árangurs

**Verkefni/Aðgerðir:** Bein þjónusta stofnana eða aðkeypt, hönnun þjónustu, viðskiptaliprun, stafrænar lausnir.

**Upplýsingar:** Upplýsingagjöf, fræðslustarf, ráðgjöf, merkingar, ráðleggingar.

**Hagrænir hvatar:** Skattar, gjöld, skattafsláttur, styrkir, framseljanleg leyfi, kvótar, uppboð, leyfisveitingar, lán og tryggingar o.s.frv.

**Reglusetning/löggjöf:** Boð og bönn, réttindi, markaðsreglur, reglusetning fyrir framleiðslu, neytendur.

**Hnippingar:** Jákvæð inngrip/atferlisfræði (e. Nudge).

# **Tenging fjármuna** við **árangur**

Hversu miklu fáum við ráðstafað?

Hvaða **árangri** þurfum við að ná?



# Opinber stefnumörkun - Stóra myndin



# Viðmið OECD um árangursmiðaða áætlanagerð




OECD Performance Budgeting Framework, 2024

## 1. Tól og aðferðir til að þróa gæða árangursupplýsingar

- **Lógísk röð** árangursupplýsinga (markmið, mælikvarðar, viðmið) þar sem mælikvarðar mæla greinilega framgang í átt að skilgreindu markmiði.
- **Forðast of mikið magn upplýsinga** með því að setja hámark á fjölda markmiða og mælikvarða.
- **Skýr viðmið** fyrir þróun árangursupplýsinga sem sýna með skýrum hætti afurðir (e. output) og áhrif verkefna (e. outcome). Áhersla á áþreifanlegan árangur og áhrif til lengri tíma. Viðmið líkt og SMART eru gagnleg. Forðast miklar breytingar milli ára.
- **Yfirferð á gæðum** árangursupplýsinga af fjármálaráðuneyti en ábyrgð á upplýsingum hjá hverju ráðuneyti.

# Samhengi stefnuþátta



# Dæmi: Heilsugæsla

Framtíðarsýn
**Íslensk heilbrigðis-þjónusta á heims-mælikvarða**

Meginmarkmið
**Örugg, aðgengileg og hagkvæm heil-brigðisþjónusta**

Áskoranir
**Áskoranir m.a.: biðtími, mönnun**

Tækifæri
**Tækifæri m.a.: samræmdir biðlistar, bætt starfsumhverfi**

Markmið
**Bætt aðgengi að þjónustu heilsugæslu**

Mælikvarði
**Bið eftir hentugum tíma (Likert kvarði)**

Viðmið 2030
**4**

Mælikvarði
**Hlutfall íbúa með fastan heimilislækni**

Viðmið 2030
**75%**

Aðgerðir
**Bygging nýrra heilsugæslu-stöðva,**
**Efling sérnáms í heimilis-lækningum**

# EINSTAKA STEFNUÞÆTTIR



# Framtíðarsýn og meginmarkið málefnasviðs

- **Framtíðarsýn** er einföld, skýr, felur í sér viðmið til lengri tíma, byggir á stöðugum forsendum og er hvetjandi fyrir hlutaðeigandi aðila.
- **Meginmarkmið** styðja við framtíðarsýn, eru hugsuð til langs tíma og eru yfirleitt huglæg á meðan markmið málaflokks vísa til hlutlægrar tilfærslu og eru tengd grunnstöðu mælikvarða.

# Helstu áskoranir í málaflokknum og tækifæri til umbóta

- Helstu **áskoranir** sem við stöndum frammi fyrir á tímabili áætlunarinnar.
- Tenging við áskoranir **í langtíma-áætlun** í efnahagsmálum og opinberum fjármálum.
- Tenging við áskoranir sem bregðast á við með aðgerðum í **stjórnarsáttmála**.
- Áskoranir við að mæta heims-markmiðum, velsældaráherslum, markmiði um kolefnishlutleysi.
- Umfjöllun um áskoranir út frá **kynja- og jafnréttissjónarmiðum**.

- **Tækifæri** – hvað á að gera til að bregðast við ofangreindum áskorunum.
- Fyrirhugaðar **lagabreytingar**.
- Hvernig styðja fyrirhugaðar aðgerðir við heimsmarkmið, velsældaráherslur, markmið um kolefnishlutleysi, markmið um kynjajafnrétti.
- Fjármálaáætlun er **EKKI** staður til að fjalla um:
  - það sem hægt væri að gera, t.d. með auknu fjármagni.
  - það sem hefur verið gert, nema í örstuttu máli fyrir samhengi umfjöllunar.

# MARKMIÐ



# Markmið

- Endurspegla bæði **framtíðarsýn** og helstu **áskoranir** og **tækifæri** til úrbóta.
- Styðja við heimsmarkmið, velsældaráherslur, jafnrétti eða önnur áhersluatriði sem ríkisstjórnin leggur áherslu á hverju sinni.
- Miðað við að markmið séu **ekki fleiri en þrjú**.

# Markmið vísa til tilfærslu
(efla, bæta, styrkja, auka, draga úr…)

**Efla** þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi

**Efla** gæði og framboð íslenskunáms fyrir fullorðna innflytjendur

**Bætt** upplýsingagjöf um fjármál og rekstur ríkisins.

**Bæta** ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða

**Styrkja** rannsóknarstarf og umgjörð þess

**Styrkja** lestrarfærni grunnskólanemenda

**Aukin** hagnýting tæknilausna í þágu samfélagslegra áskorana

**Auka** ánægju skjólstæðinga með þjónustu á heilsugæslustöðvum

**Draga úr** losun gróðurhúsalofttegunda

**Draga úr** fjarveru frá vinnumarkaði

**Jafna** tækifæri til atvinnu

**Jafna** aðgengi að opinberri þjónustu

# SMART Markmið

Markmið ættu að vera:

- **S**kýr: Auðvelt að átta sig á hvaða árangri á að ná.
- **M**ælanleg: Mögulegt að mæla framgang.
- **A**ðgerðabundin: Fela í sér hreyfingu.
- **R**aunhæf: Mögulegt að ná merkjanlegum árangri innan nokkurra ára.
- **T**ímasett: Viðmið skilgreina hvenær skilgreindum árangri skal náð.

# Áhrifakeðja – Dæmi um markmið úr FÁ

| Aðföng (e. input) | Ferli (e.process) | Afurðir/ Skilvirkni (e. output) | Áhrif (e. outcome) | Framfarir (e. end-outcome) |
|---|---|---|---|---|
| Stuðningur við einkarekna fjölmiðla | Að fyrir liggi samræmdir biðlistar | Fagleg og skilvirk málsmeðferð | Samdráttur í losun CO2 frá landbúnaði | Aukin velsæld og sjálfbærni |
| Efla mönnun | Fræðsla sem eflir stafræna færni, netöryggi og miðlalæsi | Aukin ánægja viðskiptavina og almennings | Styrkja lestrarfærni grunnskóla-nemenda | Samkeppnishæft atvinnulíf |
| Auka stuðning við tekjulága foreldra | Samningur um þjónustu liggi fyrir | Jákvæð upplifun ferðamanna og heimamanna | Auka traust til dómstóla | Jákvæð byggðaþróun |

| Innan kerfis | Út á við – fyrir samfélagið |
|---|---|
| Aðföng, Ferli | Afurðir/Skilvirkni, Áhrif, Framfarir |

# Dæmisaga – Dyson hárblásarinn



- Stafræni Dyson V9 mótorinn knýr áfram 13 lítra af lofti á sekúndu en er aðeins 27 mm á breidd.
- Við þróun blásarans fjárfestum við $53 m í hárrannsóknir. Þar af fóru £40.000 í að kaupa 1010 mílur af náttúrulegu hári.
- Þróunin tók 50 mánuði og 103 verkfræðingar komu að vinnunni.

eða

- Dyson Supersonic™ hárblásarinn er þróaður til að vernda hárið frá hitaskemmdum, með hraðri þurrkun og stýrðri mótun sem:
  - eykur mýkt um 75%
  - eykur glans um allt að 132%
  - dregur úr úfnu hári um 61%.

# Lógísk röð markmiða á áhrifakeðju - Heilsugæsla

| Aðföng (e. input) | Ferli (e.process) | Afurðir/ Skilvirkni (e. output) | Áhrif (e. outcome) | Framfarir (e. end-outcome) |
|---|---|---|---|---|
| Fjölga teymum heilbrigðis-starfsfólks | Að fyrir liggi samræmdir biðlistar | Draga úr bið eftir hentugum tíma | Bæta úrlausn erindi á heilsugæslu | Örugg, aðgengileg og hagkvæm heil-brigðisþjónusta |
| Fjölga nemum í sérnámi í heimilis-lækningum | Fjölga útskrifuðum heimilislæknum | Auka hlutfall íbúa með fastan heimilislækni | Draga úr innlögnum á sjúkrahús | Auknar lífslíkur við góða heilsu |

# VERKEFNI 1

# MÆLIKVARÐAR



# Mælikvarðar

- Mæla **framgang markmiðsins** með hlutlægum hætti.
- Lýsa magni eða annarri mælieiningu í þjónustu, gefa til kynna **framvindu** í átt að settu marki.
- Mæla aukið **samfélagsvirði** eða sjáanlegar jákvæðar breytingar/bætt gæði fyrir samfélagið.
- Mæla þætti sem ráðstafanir stjórnvalda í málflokknum hafa **bein áhrif á**.
- Endurspegla helstu **pólitísku áherslur**.
- Taka mið af velsældarvísum eða mælikvörðum heimsmarkmiðanna.
- Sundurgreindir eftir **kyni** þar sem við á.
- Miðað við að **ekki séu fleiri en þrír** mælikvarðar við hvert markmið.

# Mælikvarðar – að hverju þarf að huga?

**Hvað** á að mæla?

Er það **mælanlegt**?

Eru til **gögn?**

Er **auðvelt** að nálgast gögnin?

**Nákvæmni** og **áreiðanleiki**

**Tímanleiki** gagna

**Reglubundin** gagnasöfnun

**Ný gögn** → kostnaður

# Gagnalindir - Opinber gögn

- Opinberar hagtölur, t.d. á vef Hagstofu
- Opinber mælaborð
- Vísasöfn
    - Velsældarvísar
    - Heimsmarkmiðin
    - Félagsvísar
- Miðlægar kannanir
    - Þjónustukönnun ríkisins
    - Stofnun ársins

Viðurkennd aðferðafræði

Reglubundin gagnasöfnun og útgáfa

Samanburðarhæf gögn

Gögn er aðgengileg

# Aðrar gagnalindir

- Stjórnsýsluskrár og gögn úr kerfum ráðuneyta og stofnana
- Ýmsar kannanir
- Gögn frá einkaaðilum

Skrár ekki endilega búnar til vegna tölfræði

Gögn geta verið ósamstæð og legið í mörgum kerfum

Gögn ekki aðgengileg öllum

Getur þurft að óska sérstaklega eftir gögnum

# Val á mælikvörðum

- **Tenging** við framtíðarsýn og meginmarkmið málefnasviðs
  - Skiptir mælikvarðinn máli?
  - Mælir hann samfélagslegan ábata?
  - Styður hann við stefnu málefnasviðsins?
- **Mikilvægi** fyrir stefnuna eða markmiðið
  - Mælir mælikvarðinn mikilvægan hluta?
- **Auðskiljanlegur**
  - Hversu skiljanlegur er mælikvarðinn fyrir notendur þess sem er mælt?

# Val á mælikvörðum



- Hversu **heildstæðir** eru mælikvarðar þegar horft er á þá í samhengi?
  - Saman ættu mælikvarðar við hvert markmið að ná yfir alla eða flesta þætti sem skipta notandann máli.
  - Ákjósanlegt um sé að ræða samspil að mælikvörðum sem mæla afurðir (e. output) og áhrif (e. outcome).
- **Áhrif** á niðurstöðu
  - Hversu mikil áhrif hefur starfsemi í málaflokknum á mælikvarðann?
  - Erfitt að hafa fullkomin áhrif, sérstaklega ef mæla á framfarir (e. end-outcome)

# Hversu mikil áhrif hefur ráðuneyti / stofnun?




**Aðföng** (e. input) → **Ferli** (e. Process) → **Afurðir / Skilvirkni** (e. Output) → **Áhrif** (e. Outcome) → **Framfarir** (e. End-Outcome)

# Áhrifakeðja – Dæmi um mælikvarða úr FÁ

| Aðföng (e. input) | Ferli (e.process) | Afurðir/ Skilvirkni (e. output) | Áhrif (e. outcome) | Framfarir (e. end-outcome) |
|---|---|---|---|---|
| Fjármagn til verkefnis | Fjöldi aðila sem hafa tekið upp nýtt verklag | Fjöldi einbreiðra brúa | Lestrarfærni grunnskóla-nemenda | Heildarlosun gróðurhúsaloft-tegunda |
| Fjöldi starfsfólks sem sinnir verkefni | Fjöldi fræðslufunda | Afgreiðslutími | Hlutfall íbúa með örorkumat | Uppfylling heimsmark-miðanna |
| Þekking starfsfólks | Verkefni lokið | Ánægja með þjónustu | Traust til stjórnvalda | Minnka kynbundinn launamun |

Innan kerfis

Út á við – fyrir samfélagið

# Lógísk röð mælikvarða á áhrifakeðju - Heilsugæsla

| Aðföng (e. input) | Ferli (e.process) | Afurðir/ Skilvirkni (e. output) | Áhrif (e. outcome) | Framfarir (e. end-outcome) |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi teyma heilbrigðis-starfsfólks | Að fyrir liggi samræmdir biðlistar | Bið eftir hentugum tíma | Vel leyst úr erindi á heilsugæslu | Örugg, aðgengileg og hagkvæm heil-brigðisþjónusta |
| Fjöldi í sérnámi í heimilis-lækningum | Fjöldi útskrifaðra heimilislækna | Hlutfall íbúa með fastan heimilislækni | Fjöldi innlagna á sjúkrahús | Lífslíkur við góða heilsu |

# Lógísk röð markmiða og mælikvarða

| | Aðföng (e. input) | Ferli (e.process) | Afurðir/ Skilvirkni (e. output) | Áhrif (e. outcome) | Framfarir (e. end-outcome) |
|---|---|---|---|---|---|
| **Markmið** | Fjölga nemum í sérnámi í heimilis-lækningum | Fjölga útskrifuðum heimilislæknum | Auka hlutfall íbúa með fastan heimilislækni | Draga úr innlögnum á sjúkrahús | Auknar lífslíkur við góða heilsu |
| **Mæli-kvarðar** | Fjöldi í sérnámi í heimilis-lækningum | Fjöldi útskrifaðra heimilislækna | Hlutfall íbúa með fastan heimilislækni | Fjöldi innlagna á sjúkrahús | Lífslíkur við góða heilsu |

# AÐGERÐIR



# Aðgerðir í fjárlagafrumvarpi

Gott að hafa í huga við mótun markmiða og mælikvarða

- Skýr **tenging við markmið.**
- Verkefni eru líkleg til að **stuðla að hreyfingu á mælikvarða**.
- Verkefni/aðgerðir miða út á við og miða að því að auka **samfélagsvirði** og bæta gæði fyrir samfélagið.
- Verkefni hafa **skilgreinda áfanga eða endi** og eru þar af leiðandi EKKI reglubundin eða viðvarandi verkefni. Hægt að leggja mat á hvort verkefni sé lokið.
- Lýsing þarf að vera nógu skýr til að hægt sé að átta sig á **hvað á að gera**. Aukin áhersla er **EKKI** dæmi um skýrt verkefni.

# VERKEFNI 2

# Samantekt

- Núna hefjum við **viðameiri stefnumótunarvinnu** en verið hefur undanfarin ár.
- **Nýtum áhrifakeðjuna** til að skerpa fókusinn og:
    - móta skýr markmið og mælikvarða sem miða að samfélagslegum árangri (fjármálaáætlun)
    - skipuleggja hvaða aðföng þarf og hvaða aðgerðir þarf að ráðast í til að ná settum markmiðum (fjárlagafrumvarp)

# Frekari fræðsla

Stefnt er að frekari fræðslu um stefnumótun á vormisseri 2025:

- Vinnustofur um einstaka málefnasvið eða málaflokka skipulagðar í samstarfi við ráðuneyti.
- Námskeið um stöðumat og valkosti og um stefnu.

Mat ykkar á þessu námskeiði hjálpar okkur að skipuleggja fræðslu sem gagnast.

Janúar 2025

# Stefnumótun málefnasviða og málaflokka í fjármálaáætlun

Hrefna Rós Matthíasdóttir, Marta Birna Baldursdóttir og Þröstur Freyr Gylfason

Sjá: **stjornarradid.is/stefnumotun**



**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið